

Um háskóladeild segir í lögum Sameykis

Háskóladeild

Starfrækja skal deild félagsmanna með háskólamenntun. Háskóladeild skipa einstaklingar sem lokið hafa að minnsta kosti Bachelor gráðu eða sambærilegu námi og uppfylla eitthvert skilyrða 3.gr.

Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar sem er að fjalla um hagsmuna- og sérmál er varða réttindi og kjör félagsmanna með háskólamenntun. Stjórn Háskóladeildar Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu skal heimilt að kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og tvo til vara sem eiga rétt til setu í trúnaðarmannaráði og fulltrúaráði félagsins. Stjórn deildarinnar skal skila ársskýrslu til stjórnar Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu á hverju ári.